

**Sp.**

## **105. Tillaga til þingsályktunar**

[92. mál]

um klak- og eldisstöð fyrir lax og silung í Þingeyjarsýslum.

Flm.: Jónas Jónsson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung og aðra nytjafiska, ef henta þykir, svo fljótt sem nauðsynlegt fé fæst til framkvæmda. Stöðin verði á þeim stað í Þingeyjarsýslum, þar sem skilyrði reynast hagstæðust.

### **Greinargerð.**

Samhljóða þingsályktunartillaga þessari var flutt á síðasta Alþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Svofelld greinargerð fylgdi þá með þingsályktunartillögunni:

„Í 62. gr. laga nr. 76/1970 segir svo:

„Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt í fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að. Veðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum.“

Svo sem kunnugt er, rekur ríkið nú eina klak- og eldisstöð, eldisstöðina í Kollafirði, sem stofnuð var 1961.

Þar hefur síðan verið unnið merkilegt brautryðjendastarf og aflað dýrmætrar þekkingar og reynslu, bæði varðandi eldisaðferðir og heimtur seiða, sem sleppt er á mismunandi aldri og eftir mismunandi meðferð.

Á síðastliðnu sumri gengu samtals 4187 laxar úr sjó í tjarnir stöðvarinnar í Kollafirði.

Heimtur voru mjög mismunandi í hinum ýmsu hópum seiða, sem sleppt hafði verið.

Af seiðum, sem sleppt var 1969, komu þeim mun fleiri aftur 1970 sem þau voru stærri, er þeim var sleppt. Af flokkum seiða, sem voru yfir 15 cm á lengd, þegar þeim var sleppt 1969, komu frá 12.39%—15.63% til baka 1970.

Augljóst virðist, að markaður fyrir vel alin gönguseiði fari ört vaxandi á næstu árum. Kemur þar hvort tveggja til: hinn góði árangur, sem nú hefur náðst, og svo hitt, að áhugi á fiskrækt fer ört vaxandi, jafnframt því sem verðmæti veiðihlunninda stígur.

Eðlilegt virðist, að ríkið taki áfram verulegan þátt í því að sjá fyrir nægum gönguseiðum. Margt mælir einnig með því, að ríkið reki frekar tvær stöðvar en eina. Því fylgir aukið öryggi gegn sjúkdómahættu og óhöppum, sem steðjað gætu að einni. Tvær stöðvar gætu bæði haft með sér samvinnu um kynbætur, en þó skapazt á milli þeirra heilbrigð samkeppni um að ná sem beztum árangri.

### **Staðarval.**

Alþingi hefur áður lýst yfir vilja sínum um það, að æskilegt sé, að slíkri stöð verði komið upp á Norðurlandi, með svofelldri þingsályktun, sem samþykkt var 29. apríl 1966:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvort tímabært sé, að stofnsett verði á Norðurlandi klak- og eldisstöð fyrir lax og silung. Skal í því sambandi athugað, hvort ekki sé heppilegt að hafa það fyrirtæki við vatna-svæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, m. a. vegna góðra skilyrða til hagnýtingar á volgu vatni frá jarðhita þar um slóðir.“

Á grundvelli þessarar tillögu hefur veiðimálastjóri gert athuganir á nokkrum stöðum norðanlands og metið aðstöðu fyrir slíka stöð og gert áætlun um stofnkostnað. Álitsgerð þessari skilaði veiðimálastjóri til landbúnaðarráðuneytisins í marz 1970. en hún hefur enn ekki verið birt.

Í Þingeyjarsýslum eru a. m. k. fjórir staðir, sem eru taldir vel fallnir til slíkrar starfsemi, þannig að eftir fyrstu athugun er hægt að mæla með hverjum þeirra sem

væri. Þessir staðir eru: 1. Við Litlá hjá Skúlagarði í Kelduhverfi. 2. Á Húsavík. 3. Hjá Hafralæk í Aðaldal. 4. Við Mývatn, við vatnið austanvert.

Ekki mun vera hægt að gera upp á milli þessara staða nema með nánari rannsókn og áætlanagerð. En á öllum þessum stöðum eru fyrir hendi öll grundvallarskilyrði fyrir slíka stöð, svo sem: 1. Nægilegt gott eldisvatn, bæði heitt og kalt, þannig að hægt er að fá æskilegan eldishita á vatnið. 2. Nægilegt landrými. 3. Möguleikar á að tryggja varavatn og vatnsréttindi í nágrenni. 4. Sæmilegar samgöngur til flugvallar og að góðum veiðiám í lítilli fjarlægð. 5. Möguleikar á að útvega ódýrt fóður í viðráðanlegri fjarlægð. Í Laxá og Þistilfjarðarám er sem kunnugt er mjög stórvaxinn laxastofn. Það má benda á, að Húsavík og raunar fleiri staðir koma til greina sem staðir fyrir verksmiðju til framleiðslu á tilbúnu fiskafóðri, sem bráðlega hlýtur að verða hér framleiðslugrein, bæði fyrir innlendan markað og sennilega einnig til útflutnings. Á svæðinu frá Ólafsfirði og austur á Langanes eru a. m. k. 28 ár, stærri og minni, sem eru eða geta orðið laxveiðiár, a. m. k. 14 þeirra eru það nú þegar.

Þarna eru stórkostlegir möguleikar, sem nýta þarf í auknum mæli. Áhugi á fiskirækt fer nú ört vaxandi, og yrði slík eldisstöð í þessum landshluta enn til að auka á hann og auðvelda mjög ræktunarstarfið. Þó að flutningar á gönguseiðum á milli landshluta og jafnvel landa séu vel framkvæmanlegir, getur svo farið, þegar flugsamgöngur eru stopular og óöruggar vegna veðurskilyrða, að seiði misfarist í flutningum, enda eru þess nokkur dæmi.“